



tónlistarmanna

Félag íslenskra

klassísk deild FÍH
Rauðagerði 27
108
Reykjavík

kt:530169-6509

Mál S-86/2024

154. löggjafarþing 2023–2024.

Frumvarp menningar- og viðskiptaráðuneytisins um breytingar á lögum um listamannalaun.

Félag íslenskra tónlistarmanna-klassísk deild FÍH fagnar frumvarpi um breytingu á lögum um listamannalaun.

15 ár eru síðan núverandi lög um listamannalaun voru sett svo er það löngu orðið tímabært að fjölga mánaðarlaununum sem er í takt við tímann og í samræmi við aðra launaþróun í landinu.

Með þessu frumvarpi er ríkisstjórnin að samþykka vægi listar og listsköpunar í samfélaginu og þannig geta listirnar haldið áfram að að endurspegla það fjölbreytta samfélag sem við búum í og viljum búa í.

Starfslaun listamanna gefa tónlistarmönnum rými til að sinna sérhæfingu sinni af þeirri ákefð sem þeir óska en þeir listamenn sem hljóta 6, 9 eða 12 mánaða úthlutun mega ekki stunda aðra atvinnu nema sem nemur 33% sem leiðir til allt of lágra tekna á meðan starfslaunatímabilinu stendur. Í því samhengi viljum við einnig benda á að umfang og fjölbreytileiki verkefna er mjög margbreytilegt og því væri hagstætt að geta valið að fá t.d. hálf listamannalaun í 12 mánuði í stað full listamannalaun í 6 mánuði. Einnig væri kostur að þurfa ekki að taka starfslaunin samhangandi heldur að möguleiki væri á að geta skipt mánuðunum niður eftir þörfum hvers verkefnis.

Drög mennta- og viðskiptaráðherra að breytingum á lögum um listamannalaun munu ótvírætt og eindregið efla listsköpun í landinu og bindum við vonir um að þau nái fram að ganga eins fljótt og auðið verður.

Virðingarfyllst

Margrét Hrafnisdóttir
formaður FÍT-klassísk deild FÍH